

Samhengi

Staðsetning	Vesturbæjarskóli var stofnaður á Öldugötu 23 árið 1958 og fluttist að Sólvallagötu 67 árið 1988. Skólinn er í vestasta hluta Reykjavíkur, ekki langt frá höfninni og gömlum miðbæjarkjarna borgarinnar.
Nemendur	Um 400 nemendur frá um 6 til 13 ára að aldri ganga í 1. til 7. bekk.
Húsakynni og lóð	Skólabyggingin er með fremur smáum sölum og opnum svæðum á göngum ásamt kennslustofum mismunandi að lögun og oft með útsýni inn í aðliggjandi rými. Byggingin var reist og tekin í notkun í þremur áföngum, vígðum 1988, 1999 og 2018. Fyrstu tveir áfangarnir buðu meðal annars upp á glugga á milli stofa og safn á svölum ofan við opið miðsvæði. Glerhýsi á þaksvölum, glerpil og krókar á göngum prýða nýjasta áfangann. Gamalt íbúðarhús hýsir frístundastarf fyrir yngri nemendurna en eldri nemendur sækja tómstundastarf lengra í burtu. Nýbúið er að gera upp skólalóðina og búa hana nýjum búnaði fyrir íþróttir og leiki. Eftirtektarverðar höggmyndir, hyrndir steinar eða björg, hvíla utan við aðalinngang skólans.
Ytra samhengi	Vesturbæjarskóli er grunnskóli og þjónar hverfi sem fyrst var reist af fiskimönnum vestur af miðbæ Reykjavíkur um það leyti sem borgin tók að teygja sig út fyrir Kvosina. Skólinn þjónar íbúum þessa hverfis og vakti athygli fyrir teymisvinnu og nemendamiðaða kennsluhætti á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Þróunarstarf í þá átt hófst um 1980 og nýtt hús vígt 1988 ætlað um 300 börnum var með gluggum á milli kennslurýma og opið miðrými. Nemendur eru fremur einsleitir hópur og kennsla fer fram á íslensku.
Rannsókn	Fimm rýnihópar kennara rýndu nýtingu valinna rými í skólanum frá sögulegu sjónarhorni, í samtíma og til framtíðar, svæða í eða tengslum við nýjasta hluta skólans. Svæðin þrjú valin til skoðunar voru talin geta orðið vettvangur fyri nýja notkun, nám eða kennsluhætti sem hóparnir gætu komið auga á og lagt til. Hver hópur tók fyrir eitt svæði og birti á þar til gerðum stafrænum vegg eða Padlet-síðu ljósmyndir og texta um sínar niðurstöður.
Skref í þróun	Eftirinnflutningsmat í tiltölulega nýrri viðbyggingu.

Verkfæri

Sögur af menntarýmum (SMR): <https://www.ncl.ac.uk/cored/tools/ses/>

Lýsing á verkfæri og rökin að baki

Sögur af menntarýmum eða *SMR* snúast um að „rekja skráðar og lifðar arkitektónískar og menntatengdar sögur um menntarými“ til að þróa framtíðarnýtingu þeirra og aðlögun að nýrri notkun. Valin eru vel metin eða áhugaverð svæði og leitast við að rekja, lýsa, ræða og þróa sögu þeirra, samtíma og framtíðarmöguleika. Farið er á staðina með eyðublað (í okkar tilviki stafrænan vegg á vefsetri Padlet á slóðinni <http://padlet.com> settan upp fyrir valinn hóp og valinn stað). Niðurstöðum er svo deilt með öllum þátttakendum. Verkfærið vekur til aukinnar vitundar um námsumhverfi undir mismunandi kringumstæðum í skólastarfi. Það má nota „við þróun á staðnum og eigin forsendum, og líka sem þátt í smáum og stórum breytingum á eldri byggingum.“

Tilviksrannsóknin: Ferli

Rannsóknarviðtal og blaðagreinar

Rætt var lengi við skólastjóra Vesturbæjarskóla til að varpa ljósi á sögu skólahússins og starfseminnar í skólanum. Einn af verkefnastjórum í stjórnunarteymi hennar hjálpaði til með því að deila með okkur heimildum sem endurspegla sögu skólabyggingarinnar, einkum blaðagreinum um byggingu og vígslu byggingaráfanga en einnig um uppeldis- og kennslufræðilegar hugmyndir sem mótuðu skólastarfið þegar fyrstu áfangar skólans voru hannaðir, byggðir og teknir í notkun. Skólastjórinn skýrði hvernig henni og samverkakonum hennar við stjórnun skólans tókst á nokkrum síðustu árum að kveikja að nýju áhuga í kennaraliðinu á teymiskennslu og nemendamiðri nálgun en einnig útvega mikið af stafrænum búnaði sem nú er í töluverðri notkun um allan skólann.

Val á stöðum að skoða

Skólastjórinn leiddi okkur um skólann og hjálpaði okkur að velja þrjú svæði eða rými inni í eða í tengslum við nýjasta hluta byggingarinnar, staði þar sem nota mætti matstæki okkar og hafa af því gagn. Þetta voru þeir þrír staðir þar sem hún taldi að starfsliðið gæti mögulega fundið nýjar og óvæntar leiðir til að nýta svæði eða rými sem veita þyrfti meiri athygli og ekki væru nógu vel nýtt. Þetta voru glerhýsi eða gróðurhús á þaksvölum nýjasta byggingarhlutans, gangar og smærri opin svæði framan við kennslustofur að baki glerþili eða stórum innanhússgluggum og loks opið skólasafn og upplýsingaver á miðlægu svæði á efri hæð undir innri svölum, hálföldum yfir miðju gólfi uppi undir háu þaki. Þetta síðastnefnda og miðlæga svæði var í elsta hluta byggingarinnar frá 1988 en vandlega tengt hinum áföngunum tveimur, teknum í notkun 1999 og 2018.

Starfsmannafundur notaður fyrir könnun og starf rýnihópa

Skólastjórinn ákvað að helga einn af reglulegum kennarafundum þessari rannsókn. Fundurinn var haldinn síðla dags að lokinni kennslu snemma í desember 2021. Nokkrir kennarar voru forfallaðir en nærri tuttugu kennarar sóttu fundinn.

Kennararnir voru fyrst beðnir að bregðast við stuttri vefkönnun um styrkleika og veikleika skólabyggingarinnar en einnig sjónarmiðum tengdum stjórnun og skólastarfi í því ljósi, á grunni eigin reynslu og frá sínu sjónarhorni. Þeim var svo skipt í fimm hópa til að einbeita sér að einu tilteknu svæði eða rými hver hópur. Fjórir hópar rýndu svæðin sem fyrst voru nefnd hér að framan, tveir glerhúsið eða gróðurhúsið á þakinu og tveir opin gangsvæði framan við stofur, á meðan síðasti hópurinn rýndi þriðja og síðasta svæðið, opið bókasafnið með innanhússsvölum hálföldum uppi undir háu þaki yfir svæðinu miðju.

Padlet-síður eða stafræna veggj með dálkum fyrir sögu rýmanna sem verið var að skoða, notkun í samtíma og möguleg not í framtíðinni höfðum við rannsakendur útbúið fyrir fundinn, eina síðu eða vegg fyrir hvern hóp til að skrá sínar niðurstöður. Við rannsakendur, ásamt skólastjóra, gengum svo frá einum hópi til annars hvar sem þeir voru niður komnir að fást við þetta viðfangsefni. Þeir leyfðu okkur að taka af hópnum nokkrar ljósmyndir í þessu ferli og við reyndum að hjálpa þeim að ákveða hvernig standa mætti að vinnunni. Allir hóparnir komu svo saman undir lok fundar og litu hratt yfir afraksturinn, allar fimm síðurnar eða stafrænu veggina. Allt ferlið virtist ganga greitt fyrir sig og tók innan við tvær klukkustundir.



Rýnihópur kennara að skrá hugleiðingar og hugmyndir um opin svæði á göngum.

Niðurstöður

Viðhorf samkvæmt könnuninni

Í könnuninni voru átta spurningar og henni var ætlað að endurspegla hvernig þátttakendur litu á skólabygginguna sem umhverfi náms og kennslu, samstarf og skipulag, hvort þeir teldu hana falla að stefnu skólans og þjóna vel daglegum kennsluháttum þeirra sjálfra. Kennararnir voru líka beðnir að gefa til kynna hvort stjórnendur skólans og kennarar deildu sömu sýn á kosti byggingarinnar, hvort þeir væru hvattir til að beita fjölbreyttum kennsluháttum og nýta sem best aðgengileg rými í því tilliti.


Almennt viðhorf virtist einkar jákvætt, einungis tveir eða þrjú kennarar af átján svarendum virtust þeirrar afstöðu að húsakynnin stönguðust á við skipulag skólans, stundatöflur eða menntaáherslur stjórnenda og starfsliðs. Fjórir kennarar virtust ekki telja skólabygginguna hæfa samstarfi kennara nógu vel og helmingur þátttakenda virtist telja að sig geta haft gagn af einhverri leiðsögn um það hvernig nýtta mætti betur þau rými til menntunar sem byggingin hefur upp á að bjóða. Allir átján svarendur voru þeirrar skoðunar að kennsluumhverfi þeirra hentaði vel þeirra kennslu.

Sjónarmið tengd glerhýsi á þaki

Meðal skráðra hugmynda rýnihópa um það hvernig nýta mætti staði valda fyrir þessa rannsókn voru margar áhugaverðar uppástungur. Sérstakan áhuga vakti, þegar kom að glerhýsinu á flötu þaki umkringdu grindverki úr hertu gleri, það sjónarmið að helga þyrfti glerbygginguna völdum kennurum á tilteknum tímum á reglubundinn hátt ættu húsakynnin á þakinu að hafa einhverja raunverulega þýðingu í daglegu skólastarfi. Vegalengdin frá kennslustofum yngri barna að þakhýsinu var líka talinn vandi í þessu tilliti, hún þótti mikil.

Skólastjórinn upplýsti kennara um að hún hefði fengið glerhýsið byggt í stað náttúrufræðistofu, sem henni hafði ekki tekist að fá samþykka vegna kostnaðar þegar verið var að ljúka nýjasta hluta skólabyggingarinnar. Hún sagðist ekki búin að hugsa til botns hvernig hýsið yrði best nýtt og staðfesti að bæði hýsið og þaksvalirnar væru ekki mikið nýttar enn sem komið væri.

Eitthvað hafði verið ræktað af plöntum, kartöflum og trjám í glerhýsinu og svalirnar á þakinu stundum verið notaðar undir matarhlé, íþróttir og tónlistarkennslu þegar COVID-faraldurinn kallaði á sérstakar ráðstafanir. Einn hópurinn beindi athygli að sjónauka sem þegar var að finna á þakinu. Tillögur um frekari not snerust um meiri ræktun á plöntum, jógatíma, þjálfun í lífsleikni, verkefni í náttúrufræði, listkennslu, valgreinar, list- og verkgreinar, sögustundir, vísindatilraunir, söngstundir, íslenskunám og kennslu í stærðfræði. Útieldhús, hitarar, öruggur arinn eða lokaður ofn og dýnur til að sitja og liggja á voru viðbótarbúnaður sem stungið var upp á komið yrði fyrir á þessu svæði, ásamt málningartrönum, skákborðum, skákmönnum og Jenga-kubbum í yfirstærðum.



Padlet-síða með hugmyndum og sjónarmiðum um glerhýsi og svalir á þaki.

Sjónarmið um gangsvæði utan við kennslustofur

Opin gangsvæði og hálfopnir krókar í nýjasta hluta skólabyggingarinnar, nýttir af fjórum kennslustofum og hannaðir í stað fimmtu stofunnar þegar viðbyggingin var í bígerð, enduróma eldri hluta skólahússins. Þessi svæði þóttu greinilega hafa mikla kosti fyrir kennara og virtust notuð af nemendum þeirra á marga vegu. Starf í kennslustofunum við núverandi notkun virðist „leka út úr kennslustofunum út á gangasvæðin“, sérstaklega í kennlustundum þar sem nemendur eiga val um viðfangsefnið. Litið var á opna króka með sætum á göngum utan við stofur sem „heimakróka“ fyrir nemendur en líka sem viðbætur við kennslustofurnar sýnilegar að hluta innan úr stofunum í gegnum glerþil sem greina stofurnar frá göngunum. Svæðin virtust gjarnan notuð fyrir yndislestur, innlögn kennara og umræður þar sem nemendum í sama árgangi er safnað saman, oft með stuðningi af stórum skjá á hjólum. Litlar setdýnur til að leggja á gólfið þóttu hagnýtar.

Ein ábendingin var í þá veru að gott væri að auka enn á útsýni kennara yfir króka á göngum. Stungið var upp á felliveggjum eða lausum veggjum á sumar stofur og miðlæg svæði, ásamt sófum með háu baki til að veita skjól og stillanlegum ljósarofum. Þá var stungið upp á plöntum, mottum og tímabundnum sýningum á vegg til að koma í veg fyrir hlaup nemenda eftir löngum og fremur þröngum gangi sem liggur að bókasafninu. Skápar til að sýna þrívíða hluti gætu þjónað sama tilgangi og einnig gólfskreytingar með hugrænum og líkamlegum þrautum fyrir nemendur að glíma við. Færanleg skilrúm, helst án hjóla, eða skilrúm dregin út úr veggjum þóttu æskilegar viðbætur, ásamt Lazy Boy-stólum, baunapokum og hengirúmum sem hægt væri að nota til slökunar og fjarlægja eftir þörfum. Borð að vinna við og smærri sófar í stað langra sófa meðfram veggjum þóttu líka geta orðið til að bæta umhverfið. Starfsfólk til að gæta ganganna myndi ennfremur gera kennurum fært að senda nemendur á gangasvæði lengra frá stofunum en þau svæði eru sem nú eru notuð.

Sjónarmið um opið skólasafn með innanhússvölum uppi undir þaki

Opna skólasafnið, að því er virðist, var talið vel búið og vel til þess fallið að fást við menntaathafnir. Svæðið var frá því í byrjun 1988 ætlað til margvíslegra nota utan við kennslustofur og var seinna fyllt af borðtölvum og þiljum sem nú höfðu verið látnar víkja. Innanhússvalirnar, aftur á móti, hálfaldar undir miðju þakinu yfir safninu höfðu áður hýst safnið en voru nú taldar til takmarkaðra nota. Þær virtust af og til notaðar fyrir vinnu með nemendum með sérþarfir og stundum til yndislesturs á bókum úr safni gamalla kennslubóka og eldri barnabókmennta. Þær þóttu geta verið ákjósanlegur vettvangur fyrir innanhússhönnun af ljóðrænum toga, ævintýralandslag með innbyggðum lautum og smáhellum, sófum, hangandi sætum og tjöldum fyrir lestur í næði eða góðum félagsskap. Stungið var upp á því að kalla til foreldra virka í leikhúslífi til að hjálpa til við hönnunina og koma fyrir eftirlitsmyndavélum til að gera starfsfólki fært að hafa auga með þessari aðstöðu falinni yfir vinnuborði safnkennarans. Hljóðvistina þyrfti líka að bæta.



Rýnihópur að skrá hugleiðingar og hugmyndir um opið bókasafn með innanhússvölum.

Lokaorð

Könnun og matstæki reyndust hagnýt og gagnleg

Tækið sem notað var í þessari rannsókn, kallað *Sögur um menntarými* og lagt til af félögum okkar í Danmörku, reyndist hjálplegt og þjónaði tilgangi sínum án örðugleika. Kennarar sem voru með í rannsókninni tóku virkan þátt í líflegum umræðum í sínum rýnihópum og reyndust reiðubúnir að deila upplýsingum og hugmyndum um fyrri, núverandi og möguleg framtíðarnot af menntarýmum sem valin voru til athugunar. Sú hugmynd okkar að nota stafræna veggj eða Padlet-síður reyndist líka hagnýt, kennarar gátu deilt hugmyndum, myndum og tenglum hver með öðrum á greiðan og einfaldan hátt. Stutt vefkönnun í byrjun þessarar vinnulotu með kennurunum gaf til kynna jákvæða afstöðu í kennaraliðinu til skólabyggingarinnar, stefnu skólans og starfs í skólanum. Hún þjónaði líka því hlutverki að vera leiðbeinandi viðfangsefni í byrjun lotunnar og átti þátt í að kveikja áhuga á verkefninu sem lagt var fyrir rýnihópana.

Padlet-síður: [Hópur 1: Glerhýsi og útirými á baki](#) – [Hópur 2: Glerhýsi og útirými á baki](#) – [Hópur 3: Skólatorg og svalir](#)
[Hópur 5: Gangrými og krókar við stofur](#) – [Hópur 6: Gangrými og krókar við stofur](#) – Þátttakendur voru ekki nógu margir til að fylla hóp 4.



Rýnihópur að velta fyrir sér notkun gangasvæða utan við kennslustofur.

Tilviksrannsóknin var framkvæmd sem hluti af CoReD-verkefninu í nóvember og desember 2021 af þeim Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Torfa Hjartarsyni á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.



Tilviksrannsókn: Sögur af menntarýmum – Reykjavík



[Collaborative Redesign with Schools – CoReD – Newcastle University \(ncl.ac.uk\)](#)

Tweet: [#CollaborativeRedesignwithSchools](#)